

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Fjarðabyggð  
kt. 470698-2099

Starfsstöð: Þórðarhvammi, 760 Breiðdalsvík

Leyfið gildir frá x. maí 2024 til xx. maí 2036

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- söfnunarstöð úrgangs frá almenningi og smærri fyrirtækjum

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn,  
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Fjarðabyggð, kt. 470698-2099

Starfsstöð: Þórðarhvammi, 760 Breiðdalsvík

Leyfið gildir frá x. maí 2024 til x. maí 2036

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **söfnunarstöð úrgangs frá almenningi og smærri fyrirtækjum**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 21. febrúar 2024.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*
- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1061/2018 um raf- og rafeindatækjaúrgang m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1020/2011 um rafhlöður og rafgeyma m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs m.s.br.*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni m.s.br.*

## 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

---

Um er að ræða starfsleyfi fyrir söfnunarstöð (gámostöð) skv. eftirfarandi skilgreiningu í lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs: *Staður og aðstaða þar sem tekið er við úrgangi frá almenningi og/eða smærri fyrirtækjum. Þaðan fer hann til endurnotkunar og endurnýtingar eða er fluttur til móttökustöðva.* Ekki er gert ráð fyrir söfnun á spilliefnum en þau spilliefni sem kunna að berast verða flutt eins fljótt og hægt er á söfnunarstöð fyrir spilliefni að Selnesi 14.

- Söfnunarstöðin er ekki afgirt en innkeyrslu er lokuð utan opnunartíma.
- Lokanlegir gámar eru notaðir til geymslu á pappír, pappa og plasti o.þ.h. Einnig eru til staða opnir gámar.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*

## 2. Móttaka úrgangs

---

**Á söfnunarstöðinni er heimilt að taka á móti og geyma til skamms tíma:**

- allan hættulítinn, almennan úrgang frá almenningi og smærri fyrirtækjum sem ekki flokkast sem spilliefni skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.
- almennan garðaúrgang og trjáafklippur.
- hræ af dýrum sem ekki hafa drepist eða verið lógað vegna smitsjúkdóma, enda sé þeim komið til viðeigandi förgunar svo fljótt sem auðið er.

**Óheimilt er að taka á móti, meðhöndla eða geyma:**

- hreinsunarúrgang sem fellur til við hreinsun fráveitu, s.s. salernisúrgang, síu- eða ristarúrgang og seyru sem ekki verður nýtt.
- úrgang frá landbúnaði annan en plast af heyrúllum og hræ af dýrum sem ekki hafa drepist eða verið lógað vegna smitsjúkdóma.
- sóttmengaðan úrgang, þ.m.t. sérstakan úrgang frá heilbrigðisstofnunum.
- brotajárn sem inniheldur spilliefni, s.s. úr sér gengin ökutæki sem ekki hafa verið hreinsuð af vökvum og spilliefnum.
- geislavirkan úrgang.

## 3. Geymsla úrgangs

---

Við söfnun og geymslu úrgangs skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br. og reglugerðar nr. 1078/2015 um endurnýtingu úrgangs auk annarra reglugerða sem kunna að gilda um einstaka þætti starfseminnar.

### 3.1. Almennur og hættulítil úrgangur

Úrgang skal flokka eftir því sem tók eru á til endurvinnslu eða endurnýtingar.

Á sorpgámum og ílátum fyrir flokkaðan úrgang skulu vera skýrar merkingar um hvaða úrgangur má fara í viðkomandi gám eða ílát.

Sorpgámar og önnur ílát fyrir úrgang skulu vera heil og henta fyrir þann úrgang sem í þau fer og vera, eftir því sem við á, vökvaheld, lokanleg og þétt. Þeim skal jafnframt haldið hreinum með reglulegum þrifum.

Gámar fyrir dýrahæ skulu merktir með áberandi hætti í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis.

Hindra skal aðgang meindýra, vargfugls og annarra dýra að úrgangsgeymslum.

Starfsleyfishafi skal halda magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði fyrirtækisins í lágmarki og gæta þess að aldrei skapist hætta vegna óhóflegrar uppsöfnunar úrgangs. Úrgang sem tekið er á móti skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi.

Urðun, brennsla og önnur meðferð úrgangs en móttaka, flokkun og geymsla er óheimil á athafnasvæði fyrirtækisins.

## 4. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárænnli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

### 4.1. Loft, ryk og hávaði

Koma skal í veg fyrir eða draga úr loftmengun frá athafnasvæði fyrirtækisins eftir því sem kostur er og þess gætt að hávaði, ryk, lyktarmiklar eða skaðlegar lofttegundir valdi hvorki óþægindum né hættu í nærliggjandi umhverfi.

### 4.2. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Aðgangur að svæði skal takmarkaður við opnunartíma svæðisins.

Allar vélar, tæki, gámar og annað það er starfseminni tilheyrir, skal vistað innan lóðar fyrirtækisins og þannig frá því gengið að hvorki sé hætta á foki, óþrifum í umhverfi né óþægindum fyrir nágretta.

Starfsleyfishafa er skylt að sjá um að á umráðasvæði fyrirtækisins sé gætt fyllsta hreinlætis og að húsnæði og lóð sé haldið snyrtilegu.

### 4.3. Mengunarvarnarbúnaður

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum.

## 5. Innra eftirlit starfsstöðvar

Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Beita skal bestu fánlegu tækni þar sem slíkt hefur verið skilgreint.

### 5.1. Handbók um innra eftirlit

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- Gera skal viðbragðsáætlun vegna mengunaróhoppa.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

## 6. Mengunaróhapp/-slys

Komi til atvika sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið skal tafarlaust gripið til ráðstafana til að hindra að efni eða úrgangur berist í umhverfið eða í niðurföll.

Slík atvik skal tilkynna til Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

xx. maí 2024  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

nafn  
heilbrigðisfulltrúi

DRÖG